

Reglugerð Fjölskyldu- og styrktarsjóðs Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ)

1. grein

Heiti, heimili og varnarþing

1. Sjóðurinn heitir Fjölskyldu- og styrktarsjóður Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands.
2. Varnarþing er Reykjavík.
3. Heimili sjóðsins er að Engjateigi 9 í Reykjavík.

2. grein

Hlutverk

Sjóðnum skal varið til að styrkja sjóðsfélaga og annast greiðslur til sjóðfélaga í fæðingarorlofi.

1. Taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til félagsmanna í fæðingarorlofi, þegar fyrir liggur að viðkomandi hefði notið betri réttinda, skv. reglum eldri kjarasamninga, en sjóðsfélagi nýtur skv. lögum nr. 95/2000. Skilyrði réttinda til greiðslna úr sjóðnum, er að tæknifræðingur hafi á einhverjum tíma notið réttinda til fæðingarorlofs eins og þau voru fyrir gildistöku laga nr. 95/2000. Uppgjör vegna barnsburðarleyfis getur eingöngu varðað tæknifræðing í starfi í samræmi við lög um fæðingarorlof nr. 95/2000 og reglur kjarasamnings frá 1997. (Gildir ekki fyrir ríkisstarfsmenn sbr. bókun 4 í samningi ríkisins við KTFÍ og SV frá 9. mars 2005).
2. Taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur dagpeninga og styrkja vegna:
 - a. tekjutaps sjóðsfélaga vegna ólaunaðrar fjarveru frá störfum, veikinda eða slysa sjóðsfélaga eða náinna vandamanna hans eða annarra sérstakra persónulegra aðstæðna.
 - b. óbætt áföll vegna óvæntra starfsloka eða annarra óvæntra áfalla sjóðsfélaga.
 - c. styðja félagsmenn vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma, styðja félagsmenn í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.Við mat á styrkþörf samkvæmt þessari grein skal meðal annars taka tillit til atvinnutekna, bótatekna frá almannatryggingum, skaðabótakrafna og sjúkrabóta, fjölskyldustærðar og annarra heimilisaðstæðna.
3. Við andlát sjóðsfélaga greiðir sjóðurinn út dánarbætur og/eða styrki vegna útfararkostnaðar. Dánarbætur ganga til eftirlifandi maka eða sambýlings, sem og barna. Styrkur vegna útfararkostnaðar gengur til dánarbús hins látna.

Sjóðurinn getur varið fé til kaupa á sjúkra- og líftryggingum eða stofnað til samninga við aðra sjúkrasjóði sem leiði til hagsbóta fyrir sjóðsfélaga.

Hlutverki sínu hyggst sjóðurinn ná með því að hafa gagnsæjar og skýrar reglur þannig að gætt sé jafnræðis sjóðafélaga og um leið skilvirkni og hagkvæmni í rekstri sjóðsins. Stöðlun reglna má þó ekki koma í veg fyrir að sjóðstjórn sé við ákveðnar aðstæður unnt að taka matskenndar ákvarðanir með hliðsjón af persónulegum aðstæðum sjóðsfélaga.

3. grein Sjóðsaðild og réttindi

Sjóðsaðild eiga:

1. Þeir félagsmenn í KTFÍ sem greitt er reglulega fyrir í sjóðinn. Sjóðurinn skal vera sameiginlegur fyrir félagsmenn þeirra launagreiðenda sem eru aðilar að samkomulagi þessu skv. kjarasamningum sem KTFÍ hefur gert við fjármálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga, sbr. 5. grein.
2. Þeir félagsmenn í KTFÍ sem hafa síðar gerst aðilar að sjóði þessum með skriflegri beiðni til sjóðsstjórnar um að þeir óski að gerast aðilar að þessum sjóði og að þeir gangist undir ákvæði samnings þessa. Slík beiðni öðlast gildi þegar sjóðsstjórn hefur fallist á erindið.

Rétt til dagpeninga og styrkja úr sjóðnum:

1. Réttindi til styrkja skulu vera bundinn því starfshlutfalli sem sjóðsfélagi gegnir á þeim tíma sem umsókn kemur fram, nema sérstakar aðstæður mæli gegn þeirri niðurstöðu að mati sjóðstjórnar.
2. Réttur til styrks úr sjóðnum er bundin því að iðgjald hafi verið greitt vegna sjóðsfélaga í a.m.k. sex mánuði áður en tekjutap eða útgjöld, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, áttu sér stað.
Aðrir þeir sem skemur hefur verið greitt fyrir til sjóðsins en undangengna sex mánuði áður en bótaréttur skapast, eiga rétt á hlutfallslegum greiðslum úr sjóðnum.
Sjóðsstjórn getur vikið frá þessum skilyrðum við sérstakar aðstæður.
3. Sjóðurinn bætir tímabundið tekjutap á vinnumarkaði. Réttur til framlags úr sjóðnum fellur niður þegar sjóðsfélagi hættir störfum og iðgjöld hætta að berast sjóðnum.
4. Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrir sé ekki sótt um þær innan 18 mánaða frá því að bótaréttur skapaðist. Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar eða starfsmanns sjóðsins fyrir ef hennar hefur ekki verið vitjað innan 12 mánaða frá því að tilkynning um úthlutunarrétt var send til viðkomandi.
5. Sjóðsstjórn er heimilt í sérstökum tilvikum að veita sjóðsfélaga styrk úr sjóðnum allt að fimm árum eftir að hann hefur hætt störfum og iðgjöld bárust sjóðnum vegna starfa hans.
6. Þeir sem eru atvinnulausir viðhalda rétti sínum til dagpeninga og styrkja í allt að 12 mánuði frá því að iðgjaldagreiðslum lýkur, svo fremi að greitt sé félagsgjaldið í TFÍ.
7. Stjórn sjúkrasjóðs er heimilt að samþykkja endurnýjaðan rétt til greiðslna úr sjóðnum til þeirra sem verið hafa frá vinnu af heilsufarsástæðum, náms, , starfsþjálfunar eða atvinnuleysis í allt að 24 mánuði.

Réttur til dánarbóta og útfararstyrkja :

1. Rétt til greiðslna eiga makar eða sambýlingar, sem og börn þeirra sem greitt hefur verið fyrir í sjúkrasjóðinn í að minnsta kosti 12 mánuði áður en andlát ber að höndum. Útfararstyrkur gengur í dánarbú hins látna.
2. Ef greitt hefur verið til sjóðsins skemur en í 12 mánuði samfelld áður en greiðslu er hætt þá skapast réttur til hlutfallslegra greiðslna úr sjóðnum.
3. Réttur þessi gildir í 12 mánuði eftir að greiðslu í sjúkrasjóðinn er hætt. Að þessum 12 mánuðum liðnum og næstu 4 árin skerðist réttur til bóta/styrkja síðan hlutfallslega og fellur niður að þeim tíma liðnum.

4. grein

Starfsreglur

1. Sjóðsstjórn setur almennar starfsreglur og tekur matskendar ákvarðanir um úthlutun.
2. Starfsreglur skulu reglulega kynntar sjóðsfélögum á viðeigandi vettvangi.
3. Starfsreglur skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og þannig samþykktar af stjórn KTFÍ og kynntar á aðalfundi KTFÍ.
4. Stjórn sjóðsins lætur vinna úr umsóknum og kynna niðurstöður bréflega og með vísan í reglur eða mat stjórnar.
5. Staðgreiðslu skatta skal taka af dagpeningum og styrkfjárhæðum.
6. Sjóðsstjórn getur endurskoðað fjárhæð bóta ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

5. grein

Sjóðstekjur og ávöxtun

Tekjur sjóðsins eru:

1. Lögboðin eða samningsbundin iðgjöld launagreiðanda til sjóðsins. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.
2. Vextir og verðbætur af innstæðum sjóðsins.
3. Aðrar tekjur.

Heimilt er að ávaxta sjóðinn með eftirfarandi hætti:

1. Með ávöxtun hjá bönkum og sparisjóðum.
2. Með kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða skráðum skuldabréfum með sambærilegum tryggingum.
3. Með kaupum í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins.
4. Með öðrum þeim hætti sem stjórn sjóðsins metur tryggan, að undangengu samþykki stjórnar KTFÍ.

6. grein

Stjórn

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur sjóðssfélögum tilnefndum af stjórn KTFÍ til tveggja ára í senn og skal formaður tilnefndur sérstaklega. Að jafnaði skal leitast við að einn skuli vera starfsmaður Reykjavíkurborgar, annar ríkis og sá þriðji frá sveitarfélagi sem er í Launanefnd sveitarfélaga.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar einstakra mála fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga á hverjum tíma. Reynist stjórnarmaður vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal stjórn KTFÍ tilnefna staðgengil hans til meðferðar málsins.

Stjórnarsamþykkt er lögleg ef a.m.k. tveir stjórnarmanna greiða henni atkvæði.

Sjóðsstjórn ber að rökstyðja niðurstöður sínar og afgreiðslu umsókna til sjóðsins í

fundargerð, sem skal rituð á fundum stjórnar. Niðurstaða stjórnar er endanleg afgreiðsla máls.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Skýrsla stjórnar sjóðsins, ásamt reglum sjóðsins skal birt á aðalfundi KTFÍ svo og endurskoðaðir reikningar sjóðsins.

7. grein

Reksturskostnaður, ársreikningar og endurskoðun

Stjórn sjóðsins hefur umsjón með sjóðnum og mælir fyrir um ávöxtun hans. Skrifstofa TFÍ annast, með samkomulagi við stjórn sjóðsins, almenna afgreiðslu fyrir sjóðinn, færslu bókhalds, undirbúning þess í hendur endurskoðanda og uppgjör opinberra gjalda vegna fyrirgreiðslu sem sjóðurinn veitir sjóðsfélögum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltir endurskoðendur KTFÍ endurskoða reikninga sjóðsins. Skal endurskoðandi senda stjórn sjóðsins reikningana, með áritun sinni. Reikningarnir skulu jafnframt, ásamt skýrslu stjórnar, lagðir fram til kynningar á aðalfundi KTFÍ.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað af starfsemi sinni.

8. grein

Slit eða sameining

Liggi fyrir lögmæt ákvörðun um að sameina eða leggja sjóðinn niður skal stjórn sjóðsins taka ákvörðun um ráðstöfun eigna sjóðsins með almenna hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.

9. grein

Breyting á reglugerð

Reglum þessum má einungis breyta á aðalfundi KTFÍ og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

10. grein

Reglur þessar taka þegar gildi þegar aðalfundur KTFÍ hefur samþykkt þær.